

Rekstur máls þessa í hjerði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hin ákærða Guðný Gísladóttir greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málflytningmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 21/1889

Hið opinbera
gegn
Einari Zoëga.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins kærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í máli þessu, er það löglega sannað, að gestgjafi Einar Zoëga hafði gesti inni í veitingahúsi sínu hjer í bænum, er sátu að drykkju nóttina milli 16. og 17. febr. síðastl., eða eptir miðnætti. Fyrir þetta athæfi sitt er hann með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur kaupstaðar 27. febr. p. á. sektaður um 10 kr. til lögreglusjóðs Reykjavíkur og dæmdur í málskostnað, en dómi þessum er að beiðni hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Með auglýsingum lögreglustjórans í Reykjavík 11. júní og 5. október 1878, samþykktum af hlutaðeigandi amtmanni, er veitingamönnum bæjarins meðal annars

bannað að hafa gesti í veitingastofum sínum kl. 12—6 á nóttunni. — Með því nú, eins og áður sagt, að hinn kærði hefur brotið gegn þessu lögreglustjórabanni, getur hann ekki komið hjá sekt, er þykir hæfilega metin af hjeradsdómaranum 10 kr., og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sektin renni í fátækra sjóð Reykjavíkur, sbr. rglgj. 8. jan. 1834, § 14, 5. Svo ber og kærða eptir atvikum að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 8 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins fyrir lögreglurjettinum hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo að ídæmd sekt renni í fátækra sjóð Reykjavíkur. Kærði Einar gestgjafi Zoëga á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 8 kr. til hvors þeirra.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirtning dóms þessa undir aðför að lögum.